



Ökutækjatriyging Kaskó

Vátryggingarskilmálar nr. BK10

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. BK10.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Áhættubreyting
9. Samsömun
10. Útreikningur iðgjalds
11. Greiðsla iðgjalds
12. Endurgreiðsla iðgjalds
13. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess
14. Vátryggingarverðmæti
15. Eigin áhætta
16. Bætur fyrir algert tjón
17. Bætur fyrir tjón að hluta
18. Framsal
19. Tvítrygging
20. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin gildir fyrir ökutæki sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi ökutækis er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í ökutækinu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir:

- 3.1 Á Íslandi.
- 3.2 Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahags-svæðinu og í Sviss í allt að 92 daga, talið frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

Vátryggingin gildir ekki:

- 3.3 Við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirráðum réttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir á ökutækinu ef það sannast að þær verða þegar ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.
- 3.3.1 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 3.3 gildir vátryggingin fyrir dráttarvélar og torfærutæki við akstur um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur.
- 3.3.2 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 3.3 gildir vátryggingin fyrir jeppa- og torfærubifreiðar við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur. Undanskilin eru þó tjón sem verða við að vatn flæðir inn í vélarhús, farþega- eða farangursrymi hins vátryggða ökutækis.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á ökutækinu vegna:

- 4.1 Áreksturs þess og annars farartækis, s.s. bifreiðar eða bifhjóls.
- 4.2 Áaksturs.
- 4.3 Veltu og hrops.
- 4.4 Útafaksturs.
- 4.5 Grjóthruns, skriðufalls, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs, þó ekki vegna sjávarflóða.
- 4.6 Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 4.7 Þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því.
- 4.8 Óveðurs ef ökutækið fýkur eða vélarhlíf, kistulok eða hurðir þess fjúka upp, einnig ef það



skemmdir vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, möl, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Með óveðri er átt við þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu, hvort almennt eignatjón hefur orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.

4.9 Flutnings þess um landveg á eða af flutningstæki eða á skipi milli hafna. Skemmdir sem verða þegar það er flutt á milli hafna, bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða.

4.10 Þess að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina þegar honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálf veltur eða ekki.

4.11 Hífinga með krana sem er áfastur ökutækinu.

4.12 Skemmdarverka sem unnin eru af ásettu ráði af öðrum en vátryggðum.

Vátryggingin bætir einnig:

4.13 Þjófnað á hljómtækjum hins vátryggða ökutækis, þó að hámarki þá fjárhæð sem tiltekin er í vátryggingar-skirteini eða endurnýjunarkvittun.

4.14 Brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum ökutækisins, þó ekki við úrtöku og ísetningu. Það telst ekki rúðubrot þótt flísist eða kvarnist úr rúðu eða hún rispast.

4.15 Björgunar- eða flutningskostnað til næsta viðgerðarverkstæðis sem félagið fellst á ef ökutæki verður óökufært vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

Vátryggingin bætir ekki:

4.16 Skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi og gler, sbr. þó gr. 4.14.

4.17 Þjófnað á einstökum hlutum ökutækisins, sbr. þó gr. 4.13.

4.18 Skemmdir sem hljótast af því að laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

4.19 Skemmdir sem hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti.

4.20 Skemmdir á hvers konar aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. tengivögnum, farsímum, GPS-tækjum, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, lausum toppgrindum og farangurskóssum, nema um annað sé samið.

4.21 Skemmdir sem verða á ökutækinu vegna þátttöku í aksturskeppni eða æfingu fyrir slíka keppni.

4.22 Skemmdir á ökutækinu vegna dýra.

4.23 Skemmdir af völdum sjóbleytu.

4.24 Tjón skv. ábyrgðartakmörkunum sem tilteknar eru í gr. 4.5, 4.6, 4.8, 4.9 og 4.14.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

5.1 Jarðskjálfta, eldgoss eða annarra náttúruhamfara, sbr. þó gr. 4.5.

5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

6.1 Ökumaður hins vátryggða ökutækis skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.

6.2 Ökumaður skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna við notkun ökutækis.

6.3 Ökutæki skal vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað.

6.4 Ávallt skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda ökutækis um losun á farmi.

6.5 Við hífingar með áföstum krana ökutækisins skal ávallt fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun kranans og gæta skal þess að nota hífingafestingar sem eru gerðar fyrir þá þyngd sem lyft er.

6.6 Ekki skal nota ökutæki til annars aksturs en þess sem getið er í vátryggingarskirteini eða endurnýjunarkvittun.

6.7 Vátryggður skal viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.

6.8 Vátryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækisins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.

6.9 Vátryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður ökutækis sé ávallt í lagi.



6.10 Ökumaður skal ekki aka eða geyma ökutæki þar sem hættu er á að það skemmist vegna þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni geta fokið á það.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Áhættubreyting

Tilkynna ber félaginu tafarlaust ef notkun ökutækisins breytist frá því sem kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð félagsins á vátryggingaratburði lækki að tiltölu miðað við hvað iðgjaldið hefði orðið við breytta notkun, sbr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Samsömun

9.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinu vátryggða ökutæki.

9.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnanda hins vátryggða ökutækis.

10. Útreikningur iðgjalds

10.1 Grunniðgjald vátryggingarinnar er reiknað út frá notkun ökutækisins, verðmæti þess og lögheimili vátryggingartaka.

10.2 Iðgjaldið breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

11. Greiðsla iðgjalds

11.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalldaga þegar greiðsla þess er krafist.

11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Endurgreiðsla iðgjalds

12.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

12.2 Hafi ökutækið ekki verið í notkun og skrásetningarkerki þess verið í vörslu Umferðarstofu eða umboðsmanna hennar í a.m.k. 30 daga samfleytt, endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, að frádregnum þeim hluta iðgjaldsins sem er fyrir bruna- og þjófnaðaráhættu í vátryggingunni. Iðgjald fyrir vátryggingu dráttarvéla og torfærutækja endurgreiðist þó ekki. Þessi réttur til endurgreiðslu iðgjaldsins fellur niður ef innistaða skráningarkerkja ökutækisins er vegna tjóns sem vátryggingin tekur til og bætt er.

12.3 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 12.1 og 12.2.

13. Eigendaskipti á ökutæki eða afskráning þess

Ef eigendaskipti verða að hinu vátryggða ökutæki, eða það er afskráð, fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða afskráning hefur átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

14. Vátryggingarverðmæti

14.1 Vátryggingarverðmæti ökutækisins er sú upphæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.

14.1.1 Vátryggingarverðmæti samkvæmt gr. 14.1 getur þó aldrei orðið hærrí en sú upphæð sem kemur fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar.

15. Eigin áhætta

15.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

15.2 Í tjónum sem getið er í gr. 4.10 og 4.11 ber þó vátryggður 25% hærrí eigin áhættu en tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

15.3 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærrí en fjárhæð eigin áhættu.



15.4 Eigin áhætta breytist við endurnýjun vátryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu.

16. Bætur fyrir algert tjón

16.1 Félagið greiðir bætur fyrir algjört tjón ef:

16.1.1 Ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.

16.1.2 Ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu var tilkynnt um atburðinn.

16.2 Verði algert tjón á ökutæki ræður félagið hvort það:

16.2.1 Greiði vátryggingarverðmæti ökutækisins gegn afsali.

16.2.2 Greiði mismun á vátryggingarverðmæti og verðmæti ökutækis eftir vátryggingaratburð.

16.2.3 Útvegi annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi félagið að útvega annað ökutæki hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi vátryggingartaka fyrir hinu skemmda ökutæki.

17. Bætur fyrir tjón að hluta

17.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 16. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.

17.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem félagið samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.

17.3 Félagið bætir ekki lækun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.

18. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

19. Tvítrygging

19.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

19.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 19.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

20. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 3. ágúst 2010.